

Meinloka eða lýðskrum?

Eftir Kára Arnór
Kárasón

TVEIR trygg ingastærðfræðingar, Benedikt Jóhannesson og Bjarni Guðmundsson, rita í Morgunblaðið þann 30. september sl. um þá tillögu sjálfstæðismanna að skattleggja iðgjöld til lífeyrissjóða í stað þess að skattleggja útgreiðslur. Því er haldið fram að þessi skattlagning bæti hag ríkissjóðs og sé jafnframt „sársaukalaus“ fyrir almenning. Hver getur verið andvígur svo snjallri tillögu? Þeir félagar kvarta yfir því að umræðan um tillöguna hafi lent á villigötum sem þeir hyggjast bæta úr. Þeir kjósa þó að horfa algerlega fram hjá þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á tillöguna.

Hin einfalda formúla

Hugmyndin byggist á því að skattlagning á iðgjöld og skattlagning útgreiðslna breyti engu fyrir ráðstöfunartekjur launamannsins, hvort heldur nú eða þegar hann kemst á lífeyri. Þetta er rétt haldist skatthlutföll og greiðslur óbreyttar. Eins og þeir félagar segja þá gildir víxlreglan í stærðfræðinni að $skatthlutfall \times heild = heild \times skatthlutfall$. „Snilld“ tillögunnar byggist á þessari einföldu forsendu. Vandinn er bara sá að hún gildir í báðar áttir! Í stað núverandi fyrirkomulags þar sem iðgjöld og vaxtatekjur eru skattfrjáls, en lífeyrir skattlagður er lagt til að iðgjöld verði skattlögð en vextir og lífeyrir undanþegnir. Notum einfalt dæmi. Segjum að greiddar séu 100 kr. í iðgjald, vextir séu 10% og skatthlutfallið 40% og eitt ár líði þar til iðgjaldið kemur til útgreiðslu. Sé iðgjaldið skattfrjálst safnar það á sig 10% vöxtum og verður 110 kr. Með 40% skatti verða tekjur ríkissjóðs 44 kr. Sé iðgjaldið skattað þá fær ríkið strax 40 krónur í skatt og sparar sér 4 kr. í vaxtakostnað vegna minni lántöku, þ.e. hagur upp á 44 kr. Nákvæmlega sá sami og í fyrra dæminu. Víxlreglan gildir og ríkið er jafnsett. Dæmið



Kári Arnór
Kárasón

breytist ekki þótt vextir breytist eða skoðuð séu lengri tímabil. Bæði dæmin eru jafn „sársaukalaus“ fyrir almenning og hafa hvorki áhrif á hag né neyslu. Að þetta bæti hag ríkisins án þess að valda almenningi „sársauka“ er því í besta falli meinloka.

Dæmið er ekki svona einfalt

Hugmyndin er einföld en veruleikinn flóknari. Eigi tillagan ekki að skerða útgreiðd laun þarf iðgjaldið áfram að vera skattfrjálst hjá launamanni, en fullur skattur er síðan tekinn hjá lífeyrissjóðunum. Þetta þýðir að virkt skatthlutfall á iðgjaldið verður 24,8% m.v. núverandi skattkerfi, sem aftur þýðir að skattar hækka á þeim sem hafa lægri tekjur en 387.000 kr. á mánuði, en lækka á þá sem hafa hærri tekjur. Tillagan hækkar því skatta á tekjulága en lækkar þá á tekjuháa!

Hagkvæmi skattfrestunar felst ekki í ávöxtun skattahluta iðgjaldsins, heldur í jöfnunaráhrifum skattkerfisins. Lífeyristekjur eru yfirleitt lægri en launatekjur og skatthlutfallið því lægra. Meðallaunamaður á Íslandi í dag hefur um 350.000 á mánuði. Ef við gefum okkar að lífeyristekjur hans verði 2/3 af launum verður skatthlutfallið á lífeyrinn 17,7% í stað 24,8% m.v. tillöguna. Þetta er umtalsverð skattahækkun!

Lífeyrissjóðakerfið er tryggingakerfi

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er að mestu tryggingakerfi, sem þýðir að nokkur munur getur verið á því sem menn greiða inn til kerfisins og því sem þeir fá út, m.a. vegna þess að sumir verða öryrkjar og ævilengd manna er misjöfn. Tekjur úr kerfinu eru því misjafnar og skatthlutföll einnig. Því er ósanngjarnt að skattleggja þann sem greiðir iðgjaldið fremur en þann sem fær tekjurnar.

Samskiptin við almannatryggingakerfið

Flókið samspil er á milli tekna frá

» Að þetta bæti hag ríkisins án þess að valda almenningi „sársauka“ er því í besta falli meinloka.

lífeyrissjóðum og almannatryggingakerfi. Nái þessi tillaga fram að ganga munu lífeyrisþegar framtíðarinnar fá bæði óskattlagðan og skattlagðan lífeyri. Hlutfallið mun verða einstaklingsbundið. Til að gæta jafnræðis þarf að hafa sérreglur gagnvart skattlögðum og óskattlögðum lífeyri. Flækjustigið mun stórukast bæði hjá almanna-tryggingum og lífeyrissjóðum.

Pólitíska áhættan

Pólitísk áhætta er fólgin í því að stjórnvöld breyti leikreglum eftir á. Tillagan er til vitnis um að þessi áhætta er raunveruleg. Íslenska þjóðin er að eldast og aukinn kostnaður vegna þessa mun leggjast á hið opinbera á komandi árum þannig að næg tilefni eru til skattlagningar. Hvernig eiga iðgjaldgreiðendur nú að geta treyst því að þegar taka hins óskattlagða lífeyris hefst, þá verði reglum ekki breytt á nýjan leik?

Meinloka eða lýðskrum?

Undanfarin ár hefur íslenska hagkerfið þjást af skuldafjármagnaðri ofneyslu. Við höfum lifað á sparnaði útlendinga. Það stendur ekki lengur til boða. Nú verðum við sjálf að spara og sparnaðinum þarf að verja í fjárfestingar og hagvaxtarhvetjandi verkefni. Aðeins með auknum hagvexti verður skuldabyrði Íslendinga viðráðanleg. Tillaga sem dregur úr sparnaði er ekki til bóta og er alls ekki „einföld lausn á erfiðum vanda“. Hún hefur margháttuð vandamál í för með sér sem ekki eru „audleyst með nútíma upplýsingatækni“. Í ljósi þessa veit ég ekki hvort tillagan er meinloka eða áróðursbragð á tímum þar sem mikil eftirspurn er eftir töfralausnum. Eins og flestar töfralausnir er hún aðeins sjónhverfing, sem hefur fáa kosti en marga galla.

Höfundur er hagfræðingur.

